




Reykjavík, 5. júní 2025
USK25050235

Bankastræti 7a – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 22. maí 2025 var lögð fram fyrirspurn Farfugla ses., dags. 14. maí 2025, ásamt greinargerð, ódags., um rekstur gististaðar á 2. og 3. hæð hússins á lóð nr. 7A við Bankastræti ásamt rekstur verslunar og/eða veitingastaðar á jarðhæð og kjallara hússins.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040

Götumynd, tekin af Já.is

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Bankastræti 7a borgarhluta 2 miðborg og er hluti af miðborgarsvæði m1a.

Deiliskipulag: Ekkert deiliskipulag er í gildi á reitnum og skal grenndarkynna allar byggingarleyfisskyldar framkvæmdir.

Umsögn

Húsið á lóð nr. 7a við Bankastræti er skráð verslunarhús byggt árið 1926 skv. fasteignaskrá. Húsið er á 3 hæðum en þar var starfræktur veitingastaðurinn Solon Íslandus. Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að fá að breyta 2. og 3. hæð hússins í gististað en hafa smásöluverslun á jarðhæð og í kjallara.

Í aðalskipulagi segir „Á svæði M1a má ekki breyta núverandi húsnæði, s.s. skrifstofuhúsnæði, íbúðum eða verslunarhúsnæði, í gististarfsemi.“ Því er ekki hægt að fallast á að breyta 2. og 3. hæð hússins í gististað.

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við að rekinn sé smásöluverslun á jarðhæð og í kjallara.

Niðurstaða



Reykjavík



- Neikvætt tekið í rekstur gististaðar í húsinu, samræmist ekki ákvæðum aðalskipulags um svæði m1a.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar
verkefnastjóri



Reykjavík